

UN GLOBAL COMPACT

COMMUNICATION ON ENGAGEMENT

2022-2024

Samtök atvinnulífsins (SA) lýsa yfir áframhaldandi stuðningi við UN Global Compact (UNGC), sáttmála Sameinuðu þjóðanna um ábyrga viðskiptahætti og tíu meginmarkmið sáttmálans á sviði mannréttinda, vinnumarkaðsmála, umhverfismála og baráttu gegn hvers kyns spillingu.

SA sinntu hlutverki tengiliðs Íslands við UNGC um langt skeið en í lok árs 2022 komu samtökin, ásamt hópi fyrirtækja, að því að stofna betri umgjörð fyrir UNGC hér á landi. Markmiðið var að efla samstarf íslenskra aðila að sáttmálanum með því að stuðla að ráðningu svæðisstjóra fyrir Ísland. Í byrjun árs 2023 var svæðisstjóri fyrir Ísland ráðinn af Samtökum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgða viðskiptahætti.

Í kjölfarið hófu samtökin formlega starfsemi á Íslandi en SA lýsa einnig yfir áframhaldandi stuðningi við stofnun staðarnets UNGC á Íslandi í byrjun árs 2025.

Eftirfarandi skjal inniheldur yfirlit yfir framlag SA til UNGC síðastliðin tvö ár eða „Communication on Engagement.“ Farið er yfir þær aðgerðir sem mælt er með að samtök, líkt og SA, fylgi eftir til þess að styðja sem best við tíu meginmarkmið sáttmálans. Líkt og skyldur SA gagnvart UNGC kveða á um, skuldbinda SA sig til þess að upplýsa sína hagsmunaaðila um eftirfarandi upplýsingar í gegnum helstu samskiptaleiðir samtakanna.

Virðingarfyllt,



Sigríður Margrét Oddsdóttir,
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins



EFNISYFIRLIT

1.	10 meginmarkmið UNGC	4-5	4.	Umhverfi	12-14
2.	Mannréttindi	6-7	5.	Gegn spillingu	15
3.	Vinnumarkaður	8-11	6.	2022-2024	16-20



TÍU MEGINMARKMIÐ UN GLOBAL COMPACT

Samtök atvinnulífsins hafa ráðist í fjölmargar aðgerðir til þess að styðja við tíu meginmarkmið sáttmálans á sviði mannréttinda, vinnumarkaðsmála, umhverfismála og baráttu gegn hvers kyns spillingu.



Mannréttindi

1. Fyrirtæki styðji við og virði vernd alþjóðlegra mannréttinda.
2. Fyrirtæki tryggji að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.



Vinnumarkaður


3. Fyrirtæki styðji við félagafrelsi og viðurkenni að fullu rétt til kjarasamninga.
4. Fyrirtæki útiloki nauðungar- og þrælkunarvinnu.
5. Fyrirtæki útiloki barnavinnu.
6. Fyrirtæki útiloki misrétti til vinnu og starfsvals.





Umhverfi

7. Fyrirtæki styðji beitingu varúðarreglu í umhverfismálum.
8. Fyrirtæki sýni frumkvæði til aukinnar ábyrgðar í umhverfismálum.
9. Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni.



Gegn spillingu

10. Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.



1.

Fyrirtæki styðji og virði vernd alþjóðlegra mannréttinda

Jafnræðisreglan er grundvallarregla í íslenskum rétti, vernduð af 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Jafnræðisreglan á að tryggja að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Þá skulu konur og karlar njóta jafns réttar í hvívetna.

Kveðið er á um jafnrétti á vinnumarkaði í lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (Jafnréttislög). Markmið Jafnréttislaga er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns, koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins, þar með talið á vinnumarkaði. Með lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði var lögfest meginreglan um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kynþjáningu.

Á undanförunum áratug hafa SA lagt sérstaka áherslu á jafnréttismál og mótað skýra stefnu í málaflokknum. Samtökin vita fullvel að athafnir verða að fylgja orðum í svo mikilvægum málaflokki og hafa því sett jafnréttismál á oddinn. Auk þess að eiga fulltrúa í starfshópum og nefndum sem fjalla um jafnrétti á vinnumarkaði standa samtökin fyrir öflugri fræðslu til félagsmanna sinna um jafnréttismál.

2.

Fyrirtæki tryggja að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot

Með lögum nr. 75/2018, um breytingu á lögum nr. 45/2007, var innleidd keðjuábyrgð notendafyrirtækja á launum útsendra starfsmanna. Um ábyrgðina fer skv. 11. gr. a og um undanþágur frá ábyrgð fer skv. 11. gr. b.

Ábyrgðin nær til notendafyrirtækja í byggingariðnaði og mannvirkjagerð og verða þau því að gæta sérstakrar varúðar þegar skipt er við erlend fyrirtæki sem senda starfsmenn hingað til starfa á grundvelli verk- eða þjónustusamnings.

SA og ASÍ hafa axlað sameiginlega ábyrgð á uppbyggingu vinnumarkaðarins og réttindum og skyldum sem þar gilda. Samtökin líta á það sem sameiginlegt verkefni samtakanna að treysta í sessi heilbrigðan vinnumarkað þar sem gætt er að umsömdum réttindum launafólks.



3.

Fyrirtæki styðji við félagafrelsi og viðurkenni að fullu rétt til kjarasamninga

Eitt meginverkefni Samtaka atvinnulífsins er gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Samningar SA ákvarða lágmarkskjör launafólks í hlutaðeigandi starfsgrein og er óheimilt að semja um lakari kjör. SA annast samskipti við stéttarfélög, gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja og leiðbeina, fræða og aðstoða fyrirtæki við framkvæmd kjarasamninga.



94%

**Aðildarfélaga
Samtaka atvinnulífsins
eru lítil og meðalstór
fyrirtæki.**



4. Fyrirtæki útiloki nauðungar- og þrælkunarvinnu

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa gert með sér samning um vinnustaðaskírteini og framkvæmt eftirlits á vinnustöðum í samræmi við lög nt. 42/2010. Markmið samningsins er að greiða fyrir eftirliti á vinnustöðum og vinna með því gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði. Við vinnustaðaeftirlit er haft eftirlit með því að farið sé að lögum og kjarasamningum við skráningu vinnutíma, greiðslu launa, gerð ráðningarsamninga, vinnu-og vaktaplana auk þess sem gengið er úr skugga um atvinnuleyfi starfsfólks. Gildissvið vinnustaðaeftirlits var látið ná til fleiri starfsgreina með nýgerðum kjarasamningum sem tóku gildi 1. febrúar 2024.

5.

Fyrirtæki útiloki barnavinnu

Um vinnu barna og unglunga („ungmenni“) er fjallað um í X. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Nánar er fjallað um vinnu barna og unglunga í reglugerð nr. 426/1999. Ákvæðin eiga við vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri en ólíkar reglur gilda um vinnu barna og unglunga. Vinnuveitandi skal við öll störf ungmenna undir 18 ára

aldri við val og skipulagningu á vinnu leggja áherslu á að öryggi, andlegu og líkamlegu heilbrigði ungmenna sé ekki hættu búin. Þá skal leggja áherslu á að vinna hafi ekki truflandi áhrif á menntun þeirra eða þroska. Vinnuveitandi ber ábyrgð á að tryggja starfsumhverfi barna og unglunga og ber ríka upplýsingaskyldu gagnvart þeim, foreldrum og samstarfsfólki.



Samkvæmt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði skulu atvinnurekendur meðal annars:

- Vinna markvisst að jafnri meðferð á vinnumarkaði og innan fyrirtækis síns.
- Gæta að því að mismunun eigi sér ekki stað við starfsauglýsingar og ráðningar. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingu, endurmenntun, símenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður og önnur starfskjör starfsmanna.
- Ganga úr skugga um að starfsmenn sem sinna sömu eða jafnverðmætum störfum fái greidd jöfn laun og sé ekki mismunað með ómálefnalegum hætti í tengslum við laun og önnur kjör.
- Gera viðeigandi ráðstafanir til að gera fótluðum einstaklingi eða einstaklingi með skerta starfsgetu kleift að eiga aðgengi að og taka þátt í starfi, njóta framgangs í starfi eða fá þjálfun.

6.

Fyrirtæki útiloki misrétti til vinnu og starfsvals

Lög nr. 86/2018 kveða á um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði en markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga á vinnumarkaði og vinna gegn mismunun. Með jafnri meðferð er átt við þegar einstaklingum er hvorki mismunað beint né óbeint vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Ef leiddar eru líkur að því að mismunun samkvæmt ákvæðum laganna hafi átt sér stað skal sá sem talinn er hafa mismunað sýna fram á að ástæður þær sem lágu til grundvallar meðferðinni tengist ekki einhverjum þeirra þátta.



7.

Fyrirtæki styðji beitingu varúðarreglu í umhverfismálum

Starfsemi allra fyrirtækja hefur áhrif á umhverfið. Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök þeirra hafa um árabil hvatt fyrirtæki til þess að lágmarka þau áhrif, meðal annars með því að nýta endurnýjanlegar auðlindir á sjálfbærari hátt, taka tillit til sérkenna náttúrunnar og leggja áherslu á að viðhalda þeim, en umgengni fyrirtækja við auðlindir hefur tekið stakkaskiptum á síðustu áratugum.

Umtalsverður árangur hefur náðst vegna frumkvæðis fyrirtækjanna sjálfra og vegna almennra viðhorfsbreytinga. Alþjóðlegar reglur og skuldbindingar hafa jafnframt hvatt til umbóta ásamt stefnumörkun stjórnvalda en Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum sem kveða á um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Ísland hefur undirritað og fullgilt Parísarsamninginn og sent inn sitt landsframlag, þar sem fram kemur að Ísland hyggist taka þátt í sameiginlegu markmiði ESB um að draga úr losun um 55% fram til 2030, miðað við 1990. Skuldbindingar Íslands gagnvart ESB liggja í þremur kerfum – Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS) sem takmarkar losun frá fyrirtækjum í orkuframleiðslu og iðnaði, siglingum og flugi, kerfi um skiptingu ábyrgðar (ESR) sem er ætlað að draga úr samfélagslosun

og landnotkunarkerfinu (LULUCF) sem takmarkar losun vegna landnotkunar. Ísland hefur einnig sett sér sjálfstæð landsmarkmið í stjórnarsáttmála um að draga úr samfélagslosun (ESR) um 55% (m.v. 2005) fyrir 2030 og að Ísland verði bæði kolefnishlutlaust og jarðefnaeldsneytislaut fyrir 2040. Samtök atvinnulífsins styðja alþjóðasamvinnu sem ætlað er að draga úr mengun og áhrifum hennar og nær til allra sem menguninni valda, en SA telja eðlilegt að mengunarvaldar beri ábyrgð á því tjóni sem þeir valda.

Ásamt því að fylgja settum lögum og reglum, meðal annars um hollustuhætti og mengunarvarnir, náttúruvernd og umhverfisábyrgð hafa fyrirtæki bætt umhverfi sitt og nýtingu aðfanga og njóta með því aukins efnahagslegs ávinnings og aukinnar velferðar. Sú vinna kemur bæði starfsmönnum og samfélaginu í heild til góða en mikilvægt er að sú þróun haldi áfram enda hefur hún í för með sér betri nýtingu auðlinda, minni mengun, aukið öryggi og meiri velmegun.

8.

Fyrirtæki sýni frumkvæði til aukinnar ábyrgðar í umhverfismálum



Samtök atvinnulífsins halda árlega umhverfismánuð atvinnulífsins þar sem sýnt er frá verkefnum fyrirtækja sem sýna frumkvæði og taka aukna ábyrgð í umhverfismálum. Viðtöl við félagsmenn sem skara frammúr í umhverfismálum eru sýnd

tvisvar sinnum í viku og hápunktur mánaðarins er Umhverfisdagur atvinnulífsins. Árið 2023 var sjónum beint að Loftslagsvegvísunum atvinnulífsins sem eru stórt verkefni sem atvinnulífið átti frumkvæði að í samstarfi við stjórnvöld. Ljóst er að

atvinnulífið lætur sitt ekki eftir liggja í baráttunni gegn loftslagsvánni og óumdeilt er að fyrirtæki eru best til þess fallin að greina tækifæri og leita lausna tengdum loftslagsmálum í atvinnustarfsemi.

Stjórnendur fyrirtækja og framtakssamir einstaklingar í íslensku atvinnulífi eru sífellt að bregðast við breyttu umhverfi, setja sér metnaðarfull markmið í loftslagsmálum og leggja sitt af mörkum til að draga úr losun koltvísýrings frá sinni starfsemi.

Atvinnulífið tekur hlutverki sínu alvarlega og sum fyrirtæki ganga lengra en lög og reglur segja til um þegar kemur að áhrifum af starfsemi fyrirtækja.



Að sama skapi er aðkoma stjórnvalda nauðsynleg, t.a.m. hvað varðar lög og reglugerðir, aðgengi að endurnýjanlegri orku, innviðaupbyggingu, hvötum til grænna fjárfestinga, stuðningi við umhverfi nýsköpunar, tækniþróunar og orkuskipta.

9.

Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni

Íslenskt atvinnulíf gegnir mikilvægu hlutverki í þeim umskiptum sem nauðsynleg eru til að metnaðarfull loftslagsmarkmið stjórnvalda náist. Atvinnulífið hefur þegar stigið stór skref í að ná fram nauðsynlegum umbreytingum í sinni starfsemi en ljóst er að mikið verk er enn eftir óunnið.



10.

Samtök atvinnulífsins hafa lengi beitt sér gegn hvers kyns spillingu - kúgun og mútur eru andstæð íslenskum lögum

Samtök atvinnulífsins hafa lengi beitt sér gegn hvers kyns spillingu og eru kúgun og mútur andstæð íslenskum lögum. Samtökin hafa meðal annars lengi beitt sér fyrir því að spornað verði gegn kennitöluflakki. Lögðu samtökin meðal annars fram 8 tillögur í því skyni

ásamt ASÍ, *Stöðvum kennitöluflakk*, árið 2017. Með samtakamætti aðila vinnumarkaðarins hefur megnið af tillögunum verið leiddar inn í íslensk lög sem veitir nú samsvarandi vernd gegn kennitöluflakki og nágrannalöndin gera.



2022-2024

Samtök atvinnulífsins hafa vakið athygli fyrirtækja á gagnsemi UNGC með því að gera þeim grein fyrir því að þau geta t.d. notað sáttmálann til þess að gera viðskiptavinum sínum, birgjum og opinberum aðilum grein fyrir sjálfbærnistefnu sinni og hvernig henni er framfylgt. Aukin krafa er um að gerð sé grein fyrir hvernig þessum málum er háttað innan fyrirtækja og í sumum tilfellum er stefnan forsenda viðskipta. Global Compact er því eitt af þeim verkfærum sem SA benda á að nýta megi til að ramma inn stefnu fyrirtækisins á sviði sjálfbærni og tengja hana við grundvallargildi rekstrar fyrirtækisins.

Eftir að UNGC hóf formlega starfsemi á Íslandi var ráðgefandi stjórn skipuð, en SA eru með bæði aðal- og varamann í stjórninni og miðla þannig sinni sérþekkingu á málefnum. Þá tekur stjórnin einnig þátt í að móta og vekja athygli félagsmanna sinna, meðal annars á viðburðum og námskeiðum sem UNGC heldur.



UN GLOBAL COMPACT
Leadership Council for Iceland

 Vicki Preibisch (Chair) Vice President of Sustainability at Controlant	 Daniel Svavarsson Director General for the Department of Policy Coordination at the Prime Minister's Office	 Hafþór Ægir Sigurjónsson Ph.D., Head of Sustainability at KPMG	 Hildur Tryggvadóttir Flóvenz Sustainability Specialist at KPMG (alternate member)
 Halldór Þorgeirsson Chair at the Icelandic Climate Council	 Jóhanna Hlín Auðunsdóttir Director of Climate and Environment at Landsvirkjun	 Krístrún Tinna Gunnarsdóttir Head of Strategy and Sustainability at Íslandsbanki	 Huguína Elvardsdóttir Sustainability Specialist, PM at the Conf. of Icelandic Employers (alternate member)
 Páll Ásgeir Guðmundsson Head of Economics and Policy at the Confederation of Icelandic Employers	 Stella Samúelsdóttir Executive Director of UN Women Iceland	 Dr. Þröstur Ólaf Sigurjónsson Professor at the University of Iceland	



SA ákváðu að bjóða nýráðnum svæðisstjóra UNGC hér á landi að vera með skrifstofuaðstöðu í Húsi atvinnulífsins. Það var gert til að efla frekar tengsl og þátttöku íslensks atvinnulífs í UNGC. Í Húsi atvinnulífsins eru ekki einungis SA heldur 6 aðildarsamtök sem starfa á grunni atvinnugreina. Innan SA og aðildarsamtaka eru yfir 2000 aðildarfyrirtæki, allt frá sjálfstætt starfandi frumkvöðlum til stærstu fyrirtækja landsins og 70% launafólks á almennum vinnumarkaði. UNGC á Íslandi leigir því skrifstofurými í Húsi atvinnulífsins en innifalið í því er aðgangur að fundar- og viðburðasölum, stúdíói og öðrum viðburðum sem haldnir eru í húsinu. Það er von SA að með því að bjóða UNGC upp á skrifstofurými muni meðlimum úr íslensku atvinnulífi að UNGC fjölga og sáttmálinn nýtast fleiri íslenskum fyrirtækjum þar sem hann getur verið frábært fyrsta skref á markvissri sjálfbærnivegferð.

SA halda fjölbreytta viðburði um sjálfbærnimál fyrirtækja og sáu til að mynda um fundarstjórn og voru með erindi um sjálfbærni, tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf og áhrif breytinga af Evrópuregluverkinu á komandi misserum á kynningarviðburði UNGC á Íslandi sem fór fram í Hörpu í lok maí 2023.



Umhverfisdagur atvinnulífsins er árlegur viðburður haldinn af SA og aðildarsamtökum en árið 2022 var dagurinn haldinn undir yfirskriftinni Auðlind vex af auðlind og fjallaði um hinar ýmsu hliðar hringrásarhagkerfisins. Yfirskrift dagsins árið 2023 var Árauðu ljósi en dagurinn var tileinkaður Loftslagsvegvisum atvinnulífsins sem afhentir voru umhverfis-, orku-, og loftslagsráðherra á sumarið 2023. Skoðaðar voru þær tillögur sem komu fram í vegvísunum, þvert á atvinnugreinar, og snúa að orkuframleiðslu og aðgengi að orku, einföldun regluverks, fjárhagslegum hvötum til fjárfestinga og innviðaupbyggingu.



Sjálfbærnidagur atvinnulífsins hefur einnig fest sig í sessi sem mikilvægur viðburður þar sem fyrirtæki á Íslandi geta sótt sér nýjustu þekkingu sem nýtist þeim í rekstri út frá sjálfbærni og þremur stoðum hennar; vernd umhverfisins, félagslegri velferð og efnahagsvexti. Árið 2022 var dagurinn haldinn undir yfirskriftinni Verðmæti í virðiskeeðjunni. Árið 2024 var dagurinn haldinn undir yfirskriftinni Má þetta bara? Sjálfbærni sem viðskiptatækifæri.





Undir formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2023 boðaði félags- og vinnumarkaðsráðherra til þríliða fundar á Íslandi undir yfirskriftinni Green Transition on the Nordic Labor Market: A Tripartite Dialogue milli norrænna vinnumarkaðsráðherra og aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndunum til að ræða helstu áskoranir og tækifæri réttlátra grænna umskipta á vinnumarkaði. Samtök atvinnulífsins voru með fulltrúa í vinnuhópnum sem sá m.a. um skipulagningu á fundinum, samskipti og aðkomu annarra atvinnurekendasamtaka á Norðurlöndunum o.fl

Sú þróun sem er að eiga sér stað á regluverki Evrópusambandsins (ESB) og er búið að innleiða eða stendur til að innleiða hérlandis á sviði sjálfbærni er fjölbreytt og gerir umfangsmiklar kröfur til íslensks atvinnulífs. Vegna þessa héldu Samtök atvinnulífsins hagnýtan fund um sjálfbærni-reglugerðir ESB ásamt Deloitte, Skattinum og Landsvirkjun vorið 2023 en fundurinn var fyrir fyrirtæki sem falla undir Flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy) og sjálfbærni-upplýsingagjöf stærri fyrirtækja (CSRD). Vorið 2024 héldu SA ásamt Podium ehf. fundaröð um sjálfbærnilöggjöf CSRD og innleiðingu ESRS staðalsins. SA héldu einnig tveggja daga CSRD námskeið á vegum SA, aðildarsamtaka og sænska ráðgjafafyrirtækisins Enact.





Loftslagsvegvisar atvinnulífsins (LVA) er samstarfsverkefni atvinnulífs og stjórnvalda. Vegvisarnir ramma inn tillögur að aðgerðum og úrbættum sem snúa að atvinnulífinu og stjórnvöldum til að loftslagsmarkmið stjórnvalda náist. Mikil áhersla var lögð á víðtækt samráð við gerð vegvísanna til að þeir endurspegluðu fjölbreytileika íslensks atvinnulífs og til að efla umræðu um viðfangs-efnið innan atvinnugreina. Fulltrúar ellefu atvinnugreina afhentu Guðlaugi Þór Þórðarsyni, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, 332 tillögur að aðgerðum sem geta stuðlað að auknum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda en markmið verkefnisins er að auka samstarf og samtál á milli atvinnulífs og stjórnvalda í þeim tilgangi að hraða aðgerðum í þágu loftslagsmarkmiða stjórnvalda og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.



Maí 2024